

Fundargerð 403

Föstudaginn 1. mars 2013 kl. 11:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason formaður, Guðmundur R. Gíslason, Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, Ólöf Hallgrímsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri, Árni Ragnarsson (við dagskrárlið 11-12), Ásbjörn Björnsson, endurskoðandi (við dagskrárlið 1-3), Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason, forstöðumaður lögfræðisviðs, Margrét Pétursdóttir endurskoðandi (við dagskrárlið 1-3) og Magnús Helgason, forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 11:00 og bauð fundarmenn velkomna og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ársreikningur 2012 – Ásbjörn Björnsson endurskoðandi
3. Skýrsla innri endurskoðanda 2012 – Margrét Pétursdóttir endurskoðandi
4. Vaxtaákvörðun
5. Sundurliðun á hreinum vaxtatekjum og hvernig framlag í afskriftarreikning er áætlað
6. Skýrsla regluvarðar
7. Krafa FME um að stjórn staðfesti að stofnunin greiði ekki kaupauka
8. Fundargerðir lánanefndar
9. Kynjahlutföll stjórnarmanna í félögum sem Byggðastofnun á hlut í – til upplýsingar
10. Sala fullnustueignar, Guðrún EA-58
11. Byggðaáætlun 2014-2017
12. Byggðarlög í vanda – til upplýsingar
13. Ársfundur 2013
14. Önnur mál
15. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 402 (f.skjal 1) og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

2. Ársreikningur 2012 – Ásbjörn Björnsson endurskoðandi

ÁB kynnti ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2012 (f.skjal 2a). Tap ársins nam 152 mkr. og eiginfjárlutfall 12,55%. Fór hann einnig yfir endurskoðunarskýrslu (f.skjal 2b) fyrir árið 2012. Ábending er í áritun hans vegna tveggja dómsmála sem hafa verið höfðuð vegna erlendra lána stofnunarinnar.

MH dreifði sundurliðun á almennum rekstrarkostnaði, yfirliti yfir afskriftir ársins, breytingum á hlutfjáreign auk yfirlits yfir rekstur fullnustueigna.

3. Skýrsla innri endurskoðanda 2012 – Margrét Pétursdóttir innri endurskoðandi

MP fór yfir skýrslu innri endurskoðanda (f.skjal 3). Fór hún yfir meginniðurstöður og tillögur til úrbóta. Fjallað var um gengisáhættu, ICAAP skýrslu og hvort hún gæti orðið umræðuskjal við eiganda stofnunarinnar, störf regluvarðar, innri eftirlitsþætti og aðra áhættuþætti.

Rætt var um að áhættuskýrsla (úrdráttur úr ICAAP skýrslu), gæti orðið innlegg í fjárlagagerð.

Formaður bar upp ársreikning Byggðastofnunar árið 2012 og var hann samþykktur samhljóða og dreift til undirritunar.

ÁB og MP viku af fundi.

Fundi frestað kl. 12:10 og hófst aftur kl. 13:00.

4. Vaxtaákvörðun

EGK fór yfir minnisblað (f.skjal 4) um breytingar á vaxtakjörum Byggðastofnunar á verðtryggðum lánnum.

Lagt er til að vextir á verðtryggðum lánnum stofnunarinnar verði lækkaðir úr 6,9% í 6,4% frá 1. apríl 2013.

Samþykkt samhljóða.

5. Sundurliðun á hreinum vaxtatekjum og hvernig framlag í afskriftarreikning er áætlað

Á síðasta fundi stjórnar var óskað eftir sundurliðun á heinum vaxtatekjum og áætluðu framlagi á afskriftarreikningi. Dreift var minnisblaði (f.skjal 5) frá forstöðumanni rekstrarsviðs sem sýndi sundurliðunina.

6. Skýrsla regluvarðar

HÁ fór yfir skýrslu regluvarðar um framkvæmd regluvörslu 2012 (f.skjal 6). Fór hann yfir stöðu regluvörslu stofnunarinnar, helstu verkefni regluvörslu á árinu auk annarra áhættuþátta.

AP upplýsti að á dögnum hefði Alþingi samþykkt breytingu á lögum um Byggðastofnun á þá leið að ákvarðanir Byggðastofnunar sem lúta að veitingu lána eða ábyrgða og umsýslu tengdri þeim séu endanlegar á stjórnarsýslustigi. Þá skulu reglur stjórnar Byggðastofnunar um lán- og ábyrgðarveitingar hafa hlotið staðfestingu ráðherra áður en þær öðlast gildi.

AP upplýsti einnig að í tengslum við dómsmál sem stofnunin höfðaði gegn SPRON, hafi Fjármálaeftirlitið upplýst að það hefði ekki upplýsingar um að gefið hefði verið út starfsleyfi fyrir stofnunina við gildistöku laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í

greinargerð með lögnum er gert ráð fyrir því að starfandi fjármálafyrirtæki skuli halda starfsleyfum sínum, og að ekki sé gert ráð fyrir því að þau sæki um slík leyfi sérstaklega.

Stjórn samþykkir að fela forstjóra að kanna þessi mál í samráði við Fjármálaeftirlitið.

7. Krafa FME um að stjórn staðfesti að stofnunin greiði ekki kaupauka

Með dreifibréfi til fjármálafyrirtækja (f.skjal 7) dagsett 25. janúar 2013 veur Fjármálaeftirlitið (FME) athygli á reglum um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja. Minnir FME einnig á að greiði fyrirtæki enga kaupauka sé því ekki skylt að setja sér reglur um kaupauka enda staðfesti stjórn fyrirtækisins sannanlega við FME eigi síðar en 28. febrúar að fyrirtækið muni ekki greiða kaupauka.

AÞ leggur til að stjórn staðfesti að stofnunin greiði ekki kaupauka á árinu 2013.

Samþykkt samhljóða.

8. Fundargerðir lánanefndar (f.skjal 8)

Fundargerð lánanefndar nr. 3/13, 7. febrúar 2013.

EGK og AÞ fóru yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerð lánanefndar nr. 4/13, 13. febrúar 2013.

EGK kynnti fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 5/13, 20. febrúar 2013.

EGK kynnti fundargerðina.

Fundargerðirnar staðfestar.

9. Kynjahlutföll stjórnarmanna í félögum sem Byggðastofnun á hlut í – til upplýsingar.

EGK kynnti minnisblað (f.skjal 9) yfir kynjahlutföll í stjórnnum félaga sem stofnunin á hlut í. Byggðastofnun á aðila í stjórn í 25 félögum. Af þeim 50 félögum sem Byggðastofnun á hlut í eru stjórnir 27 þeirra einungis skipaðar karlmönnum, þar af eru 15 félög þar sem stofnunin á aðila í stjórn. Konur eru stjórnarformenn í fjórum

félögum og í meirihluta í stjórn í fimm félögum. Konur eru einn af þremur eða tveir af fimm stjórnarmönnum í 12 félögum.

Stjórn samþykkir að setja Byggðastofnun það markmið að kynjahlutfall stjórnarmanna sem stofnunin skipar sé jafnast og að hvort kyn fylli aldrei minna en 40% allra stjórnarsæta sem stofnunin skipar.

10. Sala fullnustueignar, Guðrún EA-58

HÁ kynnti tilboð sem borist hafa í bátinn Guðrún EA-58 (2753). Báturinn var auglýstur í Morgunblaðinu, Akureyri vikublað og í Fiskifrétum.

...

Lánanefnd samþykkti (fundur 3/13) að leggja til við stjórn tillögu um að tala hæsta boði.

Samþykkt samhljóða.

11. Byggðaáætlun 2014-2017

AP sagði frá bréfi (f.skjal 11) sem barst frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu dagsett 4. febrúar 2013. Í því fer ráðuneytið fram á að Byggðastofnun hefji gerð nýrrar byggðaáætlunar fyrir tímabilið 2014-2017 með það fyrir augum að fyrstu drög verði tilbúin fyrir miðjan september nk.

ÁR kynnti undirbúning að vinnu við gerð byggðaáætlunar og þær hugmyndir sem væru uppi. Ákveðið hefur verið að halda málþing í Reykjavík 21. mars nk. þar sem boðið yrði fulltrúum ráðuneyta, sveitarfélaga og atvinnulífsins. Að lokum yrðu málstofur um tiltekin mál.

Fram kom tillaga um að halda á síðari stigum minni fundi eða málstofur um afmörkuð málefni, en minnka vægi málstofa á upphafsfundinum.

12. Byggðarlög í vanda – til upplýsingar

Formaður og AP sögðu frá stöðu Raufarhafnarverkefnisins, en ráðinn hefur verið verkefnisstjóri að því. Sögðu þeir frá íbúafundum sem haldnir hafa verið. Áhugi hefur verið hjá fyrirtækjum að koma á starfsemi á staðnum. Þá var kynnt minnisblað (f.skjal 12) AP til Stýrinets sóknaráætlana.

13. Ársfundur 2013

Formaður sagði frá fundi hans og AP með atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Formaður upplýsti að til staði að halda ársfund 5. apríl nk. í Skagafirði. Stjórnarfundur yrði haldinn fyrr um daginn.

14. Önnur mál

GRG óskaði eftir því að rætt yrði um húshitunarkostnað á næsta fundi stjórnar auk fjarskiptamála.

HÁ dreifði upplýsingum um rekstur fullnustueigna í janúar.

AP sagði frá kvóta stofnunarinnar í úthafsækju og hugmyndum um hvort auglýsa ætti hann til sölu, þar sem einstaklingar hefðu verið að setja sig í samband við stofnunina vegna hans. Ákveðið var að bíða með það fram á haustið þegar mál skýrast væntanlega um hvort rækjuveiðar verða kvótasettar á nýjan leik.

AP upplýsti í framhaldi af síðasta stjórnarfundum hefði verið farið í að kanna gerð kynningarefnis fyrir stofnunina og kannað hvernig hægt væri að koma stofnuninni betur á framfæri.

EGK sagði frá stöðu lánsúmsókna.

15. Næsti fundur

Næsti fundur verður 5. apríl í Skagafirði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____